

From: audbjorg.emr@simnet.is
To: yfirlaeknir@landspitali.is
Date: 14.09.2012 10:46
Subject: Er eitthvað að fréttu?

Sæll og blessaður

Nú er að u.þ.b. ár síðan landlæknir skilaði sinni niðurstöðu til ykkar í máli Jóels og staðan óbreytt. Hef ekkert heyrt frá ykkur mjög lengi en átti von á því eftir síðasta samtal okkar. Biðin er vissulega ekki þægileg og þætti vænt um að henni ljúki innan tíðar.

Kveðja
Auðbjörg

*** 2 ***

Re: Er eitthvað að fréttu?

Frá yfirlaeknir@landspitali.is, 15.
:
Efn Re: Er eitthvað að fréttu?
i :

sep., 2012
10:02

Til auðbjörg emr <auðbjörg.emr@simnet.is>

:

Cc: [framkvstj. lækninga](#) <framkvstj.lækninga@landspitali.is> ,

: [aðst.framkvstj. lækninga](#) <aðst.framkvstj.lækninga@landspitali.is>

Ytri myndir eru ekki birtar. [Birta myndir að neðan](#)

Sæl Auðbjörg.

Þakka þér fyrir póstin.

Við áttum vissulega löng og góð samtöl sl vetur um mál Jóels. Ég var að vísu ekki á fundinum með lækningaforstjóra og fleirum en skrifaði ásamt yfirlæknum Barnaspítala Hringins bréfið til þín og ræddi við þig í nokkur skipti í símann. Í einu símtalinu ræddum við m.a. ákveðinn misskilning sem hafði komið upp varðandi orðalag bréfsins og taldi ég mig leiðrétt það. Í símtölum okkar ítrekaði ég svo afsökunarbeiðni Barnaspítalans.

Í síðustu símtölunum kom fram að þér þætti sanngjarnt að Landspítalinn byði fram bætur. Ég skýrði á móti að slíkt gæti ég því miður alls ekki ákveðið en gæti vissulega komið þessu á framfæri. Það gerði ég að sjálfsögðu (og sendi einnig þetta bréf til lækningaforstjóra eins og fyrr). Ég gerði mér ekki grein fyrir að þú ættir von á að ég myndi hafa samband aftur vegna þessa. En ég ítreka að ég hef enga möguleika eða heimild til að ákveða um bætur eða annað á þá leið.

Ég skil Auðbjörg að þetta mál hvílir þungt á þér. Ég og/eða aðrir starfsbræður mínir eru að sjálfsöðdu tilbúnir að fara vfir málið og ræða það

nánar ef þú óskar eftir því.

Bestu kveðjur,

yfirlæknir
prófessor í barnalækningum og
forstöðumaður fræðasviðs, Barnaspítala Hringssins,
Landspítali - háskólasjúkrahús
101 Reykjavík

Professor of Paediatrics, University of Iceland
Chief and Faculty Chairman, Children's Hospital
Iceland
Landspítali - University Hospital
101 Reykjavík
Iceland

s. 54330
T-póstur yfirl@lsh.is

*** 3 ***

From: audbjorg.emr@simnet.is

To:

<yfirl@landspitali.is>

Cc:

framkstj.lækninga@landspitali.is> ,

aðst.framkstj.lækninga@landspitali.is> , prestur@landspitali.is ,

prestur@landspitali.is

Date: 16.09.2012 13:46

Subject: Re: Er eitthvað að fréttu?

Takk fyrir

Ég var als ekki að senda þennan póst til að ítreka bótakröfu, það var aldrei lagt upp með slíkt heldur kom það upp í vonlausri bið eftir viðbrögðum.

Þögnin veldur því að reiðin blossomar upp alltaf annað slagið og í henni hugsar maður ekki alltaf rökrétt. Það er ekki hægt að innheimta það sem ekki er hægt að bæta. Ég sagði við þig í símtalinu sem þú vísar í að ég væri ekki að höfða mál fyrir dómstólum til að krefjast bóta ég væri aðeins að skoða þann möguleika einfaldlega vegna þess að það kemur ekkert frá ykkur. Ég ætla að nota líf mitt í annað gagnlegra og betra en að reyna það. Það eina sem ég þarf að sjá er viðleitni sem felur í sér fulla viðurkenningu og ábyrgð á því sem gerðist og gerðist ekki. Afsökunarbeiðni er vissulega skref í þá átt en mjög ódýr í svo alvarlegu máli en er ekki merki um yfirlát. Samkvæmt lögum á að bæta svona tjón það er ekki mín uppfinning. Jafnframt er tekið fram í lögum að ekki sé hægt að bæta svona tjón og litið á bætur eingöngu sem viðurkenning á miska (þjáningarbætur).

Þú minnst á að við höfum átt löng og góð samtöl um mál Jóels og ég spyr mig nú um hvað þeir fundir voru og hverjir voru á þeim fundum. Eini fundurinn sem ég var á var hjá Ólafi, fundurinn sem þú varst ekki á. Jú, þar var beðist afsökunar en ég talaði skýrt um að ég vildi sjá breytingar á verklagsreglum sem reyndar eru ekki til svo ég viti um viðbrögð við mistökum.

Það er rétt að hið hafið oft hoðið mér fundi en ég

Ég er viss á þessu þessu en þessu mér þann en ég veit ekki um hvað þeir ættu að vera en það sem ég nefni hér að framan. Í mínum huga eigið þið að óska eftir fundi með mér en ekki ég að elta ykkur. Mistökin áttu sér stað og í mínum huga komu margir að og margar brotalamir eru í þjónustunni enn í dag. Þið berið ábyrgðina ekki ég. Það skiptir mig mestu að allt sé gert til að koma í veg fyrir svona mistök endurtaki sig og ef þau gerast þá þarf að koma til almennilegt ferli sem græðir sárin í stað þess að setja salt í þau aftur og aftur. Mál Jóels ætti að vera fjársjóður fyrir umbótaferlið sem heldur er ekki til svo ég viti. Ef það væri til væri búið að spyrja mig/okkur margra spurninga varðandi það sem útaf bar en þær spurningar hafa ekki komið ennþá. Engin rannsókn á því hvað í raun klikkaði hjá ykkur. Ef þið viljið í raun vita það þá er bara að setja af stað rannsókn, flóknara er það ekki. Því miður skynja ég ekki slíkan vilja af ykkar hálfu ennþá því spyr ég hvað svo? Hvernig ætlið þið að klára þetta mál?

Ég hef engan áhuga á sálusorgun af ykkar hálfu né fara yfir málið einu sinni enn. Fyrir mér liggur fyrir hvernig hlutirnir gerðust og í hvaða röð. Það liggur líka fyrir að þarna hefði átt að gerast e-ð sem ekki gerðist. Hvað það er og hvenær er nokkuð skýrt fyrir mér. Veit ekki með ykkur. Ég vil benda á að ég sé ekki né heyri hvað gerist innan veggja spítalans og hef ekki verið upplýst um þá umræðu sem þú vísar í. Ef það skilar ekki umbótum eru þær til einskis og þær eru engin sárabót fyrir mig í þögninni.

En skil hréf hitt hannin að hið lútið svo á að hessi

Ég skrifa þetta þannig að þið fáið svo á að þessu máli sé lokið sem er fjarstæðukennt frá mínu sjónarhorni. Ég hef engar tilkynningar fengið um það, ekki heldur frá Landlækni. Þöggunin á greinilega að halda áfram af fullum þunga, heyrir að þið séuð sammála í því. Ef þetta á að klárast með þögninni sýnir það eingöngu vanmát ykkar í svona málum og að þið þurfið aðstoð til að finna lausnina þess vegna setti ég cc á sr. ^{prestur} og ^{prestur} sem eflaust geta hjálpað ykkur og þekkja til málsins.

Ef þið lítið svo á að málinu sé lokið vil ég fá að vita það skýrt og greinilega svo ég hætti að bíða. Ég vil fá greinargerð um hvaða ávinningur var af því fyrir mig að standa í þessu öllu, Hvað hefur spítalinn lært? Ég vil geta sýnt það þeim sem staðið hafa með mér í gegnum allt þetta og lagt sitt af mörkum. Málið gufar ekki upp af sjálfu sér. Vona að það sé ljóst að ég geri mér enn vonir um heiðarleg viðbrögð og lausn af ykkar hálfu. Þögn er ekki viðeigandi í þessu tilfelli.

Vinsamlegast segið mér að þjáning mín og barátta sl. 11 ár hafi ekki verið til einskis!

Það eina sem ég bið um á þessari stundu að þið sýnið mér að þið hafið heyrt þjáningu mína/okkar og að allt sé gert til að koma í veg fyrir að aðrir þurfið að bera slíka þjáningu að óþörfu.

Ég og/aðrir stuðningsaðilar mínir erum að sjálfsögðu tilbúin að fara yfir málið og ræða það nánar ef þú óskar eftir því.

Kveðja

Auðbjörg Reynisdóttir

*** 4 ***

Re: Er eitthvað að fréttu?

Frá yfirlæknir <yfirlaeknir@landspitali.is>, 21. sep., 2012 16:58
:
Efn Re: Er eitthvað að fréttu?
i :
Til audbjorg emr <audbjorg.emr@simnet.is>
:
Cc prestur <prestur@landspitali.is>, yfirlæknir <yfirlaeknir@landspitali.is>, aðst.framkvstj. <aost.framkvstj.@landspitali.is>, framkvstj. lækninga <framkvstj.laekninga@landspitali.is>, prestur <prestur@landspitali.is>, yfirlæknir <yfirlaeknir@landspitali.is>, yfirlæknir <yfirlaeknir@landspitali.is>, yfirlæknir <yfirlaeknir@landspitali.is>, yfirlæknir <yfirlaeknir@lsh.is>

Ytri myndir eru ekki birtar. [Birta myndir að neðan](#)

Sæl Auðbjörg.

Þakka þér aftur fyrir póstinn.

Ég þarf að leiðrétta ákveðinn misskilning vegna orðalags, sem mætti vera ljósara. Í bréfi mínu nefni ég að "við áttum vissulega löng og góð samtöl s.l. vetur um mál Jóels" og þú spyrð "um hvað þeir fundir voru og hverjir voru á þeim fundum". Ég var reyndar ekki að vitna til funda á Barnaspítalanum heldur samtala okkar, mín og bín

frá því síðastliðinn vetur. Að sjálfsögðu hafa málin þó verið rædd á Barnaspítalanum, bæði á sínum tíma og einnig eftir fund þinn með fulltrúum spítalans í fyrra. Þá skrifuðu allir yfirlæknar Barnaspítalans undir bréfið til þín og einnig af því tilefni voru málin rædd.

Margt hefur breyst á þeim 11 árum sem liðin eru, m.a. breytingar á starfmannahópi, breytt aðstaða o.fl. Eins og ég nefni að ofan hefur mál Jóels verið rætt innan spítalans og vissulega hafa menn dregið lærdóma af því. Þó sá lærdómur hafi verið erfiður er hann samt til gagns. Við höfum hins vegar ekki skrifað greinargerð um málið eins og þú minnst á, en rætt faglega og mannlega þætti þess á sama hátt og við gerðum í samtölum okkar. Ég óskaði einnig eftir því við þig að fá að vitna í bréf þitt, m.a. þegar ég kenni læknanemum um mannleg samskipti og fleira. Það hef ég gert og tel það til gagns.

Við höfum vissulega lært mikið af þessu máli og erum vonandi betri Barnaspítali eftir þá reynslu. Ég er þér hjartanlega sammála að lærdómur af því er mjög mikilvægur og gagnlegur í að bæta þjónustu okkar eins og við frekast getum.

(Ég sendi afrit á sömu aðila og áður, þ.e. yfirlækna Barnaspítalans og lækningaforstjóra auk

tveir prestar

Bestu kveðjur,

Bestu kveðjur,

yfirlæknir
prófessor í barnalækningum og
forstöðumaður fræðasviðs, Barnaspítala Hringins,
Landspítali - háskólasjúkrahús
101 Reykjavík

Professor of Paediatrics, University of Iceland
Chief and Faculty Chairman, Children's Hospital
Iceland
Landspítali - University Hospital
101 Reykjavík
Iceland

*** 5 ***

From: audbjorg.emr@simnet.is
To: [yfirlæknir](#)
[yfirlæknir](#) @landspitali.is>
Cc: [prestur](#) @landspitali.is, [yfirlæknir](#)
[aðst.framkvstj.lækninga](#) @landspitali.is>, [aðst.framkvstj.lækninga](#)
[framkvstj.lækninga](#) @landspitali.is>, [prestur](#) @landspitali.is,
[yfirlæknir](#) @landspitali.is>,
[yfirlæknir](#) @landspitali.is>,
[yfirlæknir](#) @lsh.is
Date: 24.09.2012 10:24
Subject: Re: Er eitthvað að fréttu?



Takk aftur sömuleiðis

Mér þykir leitt að misskilningurinn heldur áfram svo ég fer að efast um gildi bréfaskrifta varðandi mál þetta. Alveg sammála þér að samtöl okkar voru á góðum nótum sem og fundurinn hjá [frakmvstj.lækninga](#). Engu að síður er málið óklárað frá mínu sjónarhorni eins og áður segir. Mér finnst nauðsynlegt að ég lýsi aðeins fyrir þér hvernig málið blasir við mér og útskýri ákvarðanir sem ég hef tekið í tengslum við álið á sl. ári til þess að þú getir betur gert þér grein fyrir því hvað ég er í raun að tala um.

Þessar 7 klukkustundir á bráðamóttökunni 22.2. 2001 voru hreinast martröð fyrir mig þar sem engin heyrði áköll mín og áhyggjur. Nú bið ég þig um að gefa þér tíma til að lesa meðfylgjandi bréf og hlusta vel. Spyrja ef eitthvað er óljóst. Lesa aftur þar til þú skilur og skynjar hvað ég er að tala um. Nú verð ég að ná áheyrn hvað sem það kostar og brjótast út úr þessu hljóðeinagraða búi sem ég virðist enn vera í, alla vega er tilfinningin sú sama nú og þennan myrka dag. Getur verið að þið heyrið ekki ennþá? Það má ekki vera svo.

Bestu kveðjur
Auðbjörg

Ps. Þér er velkomið að senda þetta áfram til þeirra sem þú telur málið varða.

*** 6 ***

Re: Er eitthvað að fréttu?

Frá yfirlæknir <[redacted]@landspitali.is>, 28.
: [redacted] sep., 2012
Efn Re: Er eitthvað að fréttu? 17:00
i :
Til audbjorg emr <audbjorg.emr@simnet.is>
:
Cc prestur [redacted]@landspitali.is, [redacted] yfirlæknir
aðst.framkvstj. [redacted]@landspitali.is>, yfirlæknir
lækninga [redacted]@landspitali.is>, yfirlæknir
framkvstj. lækninga [redacted]@landspitali.is>, yfirlæknir
yfirlæknir [redacted]@landspitali.is>, yfirlæknir
prestur [redacted]@landspitali.is, [redacted] yfirlæknir
yfirlæknir [redacted]@landspitali.is: yfirlæknir [redacted]@lsh.is,
prestur [redacted]@landspitali.is>, yfirlæknir
prestur [redacted]@landspitali.is

Ytri myndir eru ekki birtar. [Birta myndir að neðan](#)

Ágæta Auðbjörg.

Þakka þér aftur fyrir tölvupostinn og bréfið. Bréfið hef ég að sjálfsögðu lesið, reyndar oft en einu sinni. Ég vona að ég skilji og skynji" hvað þú ert að tala um. Þó er ég að sjálfsögðu ekki viss, líklega getur maður aldrei skilið til fulls slíkar aðstæður. En ég reyni. Sem fyrr er margt í bréfi þínu gagnlegt og skýrt. Margar ábendingar eru þó frekar til yfirstjórnarn Landspítalans. Aðrar eiga heima á Barnaspítala Hringins og hafa verið til umræðu þar.

I inngangi bréfsins nefnirðu að bréfið sé skrifað frá móður til stjórnenda spítalans. Einnig nefnirðu nokkur atriði sem snúa að spítalanum, fyrirkomulagi og viðbrögðum, heimasíðu o.fl. Þá eru einnig atriði sem snúa að Landlækni, ráðuneyti og kerfinu sem slíku. Ég held að það sé því skynsamlegt að senda þetta bréf (eins og þú gerir) á stjórnendur Landspítalans. Ég sendi svar mitt einnig þangað enda er það á þeim stað sem umræðan ætti líklega helst að fara fram. Ég veit í raun ekki alveg hvað ég get frekar gert í málinu, framhald þess er hugsanlega betur komið hjá stjórnendum Landspítalans.

Ágæta Auðbjörg. Mér finnst leitt ef þú upplifir að ég eða aðrir hér hafi ekki hlustað á þig eða á einhvern hátt ekki lært af málinu. Mér finnst miður ef þú skilur viðbrögð mín og samtöl á þann hátt eða lest í orðalag mitt á þann veg. Þó ég sendi þér ekki verklagsreglur, skjöl eða greinargerðir er ekki rétt að álykta að ekkert hafi lærst. Eins og ég hef nefnt við þig nota ég atriði úr samskiptum okkar í kennslu læknanema. Það er að mínu mati mikilvægt, skiptir máli og sýnir að við erum að læra og erum að kenna það sem við lærum. Umræðan hér er einnig mikilvæg, lærdómsrík og gagnleg. Mögulegt er að maður læri meira á slíkan hátt en af reglum og greinargerðum. Engu að síður er ekki hægt að líta fram hjá þeim miklu breytingum sem orðið hafa á undanförnum árum, þ.m.t. miklum skipulagsbreytingum á Barnaspítala Hringins. Að sjálfsögðu hefur mál Jóels haft þar áhrif á. Ég held að ekki sé nauðsynlegt að tíunda þær breytingar sem nýr Barnaspítala, bráðamóttaka rekin af Barnaspítalnum,

bráðamóttaka mönnuð af sérfræðingum o.s.frv.
hafa haft. Sjálfsagt er aldrei nóg gert, en þó hafa
verulegar breytingar átt sér stað - vonandi til
góðs.

Persónulega vil ég segja í lokin að ég hef sjálfur
lært mikið af máli Jóels og símtölum við þig. Ef til
vill er ég betri læknir eftir það. Sama gildir um
félaga mína. Og þá er vissulega ekki til einskins
barist. Eins og ég nefni að ofan reyni ég einnig að
koma þeirri reynslu áfram til lækna framtíðarinnar.
Það er etv það milvægasta í að bæta þjónustu
sjúkrahússins til framtíðar. Ég vona að samtöl
okkar hafi einnig verið þér til einhvers gagns.

Bestu kveðjur,

yfirlæknir
prófessor í barnalækningum og
forstöðumaður fræðasviðs, Barnaspítala Hringins,
Landspítali - háskólasjúkrahús
101 Reykjavík

Professor of Paediatrics, University of Iceland
Chief and Faculty Chairman, Children's Hospital
Iceland
Landspítali - University Hospital
101 Reykjavík
Iceland

From: audbjorg.emr@simnet.is
To: [yfirlæknir](#)
[yfirlæknir](#) [<@landspitali.is>](mailto:@landspitali.is)
Cc: [prestur](#) [<@landspitali.is>](mailto:@landspitali.is), [aðst.framkvstj.lækninga](#)
[aðst.framkvstj.lækninga](#) [<@landspitali.is>](mailto:@landspitali.is), [frakvstj.lækninga](#)
[frakvstj.lækninga](#) [<@landspitali.is>](mailto:@landspitali.is), [yfirlæknir](#)
[yfirlæknir](#) [<@landspitali.is>](mailto:@landspitali.is), [prestur](#) [<@landspitali.is>](mailto:@landspitali.is),
[yfirlæknir](#) [<@landspitali.is>](mailto:@landspitali.is),
[yfirlæknir](#) [<@lsh.is>](mailto:@lsh.is), [prestur](#) [<@landspitali.is>](mailto:@landspitali.is)
Date: 02.10.2012 12:33
Subject: Re: Er eitthvað að fréttu?



Sæll enn og aftur

Gott að þú ert búin að lesa vel, skil samt ekki alveg þegar þú segist ekki viss um að þú skiljir því þú spyrð engra spurninga né gefur til kynna þína túlkun á innihaldi bréfsins sem er fyrst og fremst skrifað til þín þótt orðið stjórnendur sé notað. Ég veit því ekki hvort þú skilur þetta eða ekki, hinir hafa ekket tjáð sig við mig svo staðan er enn sú sama sem ég lýsi í bréfinu. Það verður teljast mikilvægt að skilja þetta til fulls því áhrif svona mistaka eru dýrkeypt og lenda af fullum þunga á þeim sem fyrir verður eins og staðan er í dag sem getur engan vegin talist sanngjarnt. Í mínum augum er staðan óbreytt frá því drengurinn minn lést þótt þú sérst að reyna að segja mér annað, biðin lengist eftir sannfærandi viðbrögðum.

Nú vil ég stoppa í bili, gefa þér/ykkur rúm til að finna leið til að klára þetta og ætla að gera ráð fyrir að þú hafi samband innan skamms í þessu

tyrir að þú nair samband innan skamms í þeim tilgangi einum að klára þetta. Nú hafið þið haft tæp 12 ár til þessa og spurning hvort 30 dagar til viðbótar sé of skammur tími?

Eins og ég segi þá gef ég ekkert færi á að láta þetta hverfa, finn mínar leiðir til að halda málinu áfram ef ég heyri ekkert innan tíðar.

Bestu kveðjur,
Auðbjörg

*** 8 ***

Re: Er eitthvað að fréttu?

Fr [redacted] yfirlæknir
á : [redacted] yfirlæknir <[redacted]@landspitali.is>
Efr Re: Er eitthvað að fréttu?
ni
:
Til auðbjörg emr
: <[redacted]@simnet.is>
Cc [redacted] prest [redacted] i@landspitali.is, [redacted] aðst.framkvstj.lækninga [redacted]
[redacted] aðst.framkvstj.lækninga [redacted] i@landspitali.is>, [redacted] framkvstj.lækninga
[redacted] framkvstj.lækninga [redacted] @landspitali.is>, [redacted] yfirlæknir
[redacted] yfirlæknir [redacted] @landspitali.is>,
[redacted] prest [redacted] @landspitali.is, [redacted] yfirlæknir
[redacted] yfirlæknir [redacted] @landspitali.is>,
[redacted] yfirlæknir [redacted] i@lsh.is,
[redacted] prest [redacted] @landspitali.is

Ytri myndir eru ekki birtar. [Birta myndir að neðan](#)
Sæl Auðbjörg.

Mér virðist sem okkur miði ekki mikið í rétta átt. Í bréfi mínu skrifaði ég m.a. eftirfarandi: "..... líklega getur maður aldrei skilið til fulls slíkar aðstæður. En ég reyni." Í bréfi þínu kemur svo fram að ".....skil samt ekki alveg þegar þú segist ekki viss um að þú skiljir því þú spyrð engra spurninga". Ég held eftir sem áður að líklega geti maður aldrei skilið til fulls tilfinningar foreldra sem missa barn. Ég held einnig að spurningar um slíkt hjálpi ekki mikið. Ég legg mig fram í þessu máli, etv er það ekki til gagns.

Þú nefnir einnig að þú viljir stoppa í bili og vonist eftir að ég/við kárum þetta. Í fyrri bréf mínu nefndi ég að málið eigi betur heima hjá stjórnendum Landspítalans. Mér finnst leitt að mér hafi ekki tekist að koma málinu í betri farveg en ég tel nú ljóst aðmálið sé betur komið í höndum stjórnenda Landspítalans (sem fá afrit þessa bréfs ein og fyrr).

Bestu kveðjur,

yfirlæknir
prófessor í barnalækningum og
forstöðumaður fræðasviðs, Barnaspítala Hringins,
Landspítali - háskólasjúkrahús
101 Reykjavík

Professor of Paediatrics, University of Iceland
Chief and Faculty Chairman, Children's Hospital Iceland
Landspítali - University Hospital
101 Reykjavík
Iceland

*** 9 ***

Re: Er eitthvað að fréttu?

Frá yfirlæknir <[redacted]@landspitali.is>, 13. nóv.,
2012 14:52
Efn Re: Er eitthvað að fréttu?
i :
Til : audbjorg emr <audbjorg.emr@simnet.is>
Cc prestur [redacted]@landspitali.is, deildastj. [redacted]@landspitali.is,
aðst.framkstj.lækninga [redacted]@landspitali.is>,
framkstj.lækninga [redacted]@landspitali.is> yfirlæknir
<yfirlæknir [redacted]@landspitali.is>, prestur [redacted]@landspitali.is,
framkstj.hjúkrunar [redacted]@landspitali.is, yfirlæknir
yfirlæknir [redacted]@landspitali.is> yfirlæknir [redacted]@lsh.is,
prestur [redacted]@landspitali.is

Sæl Auðbjörg.

Þakka þér fyrir þennan síðasta póst.

Það er ágætt að deildastjóri bráðam.barna og framkvstj. hjúkrunar
fái einnig þessar upplýsingar, þ.m.t.

Þetta síðasta bréf mitt til þín, í svari þínu við bréfinu
kom fram að þú varst sammála mér. Málið er betur
komið hjá stjórnendum Landspítalans. Það er einnig
sjálfsagt að þær fái fyrri t-póst samskipti okkar ef það
kann að vera til gagns.

Ágæta Auðbjörg, ég vil endurtaka að mér finnst miður
að mér hafi ekki tekist að koma þessu máli í betri

farveg.
Óska þer alls hins besta,

Vinsamlegast,

